



Viðtakandi: Fjárlaganefnd Alþingis
Sendandi: Reykjavíkurborg

Reykjavík, 7. október 2025
MSS25090090

UMSÖGN

Fyrir fjárlaganefnd Alþingis liggur frumvarp til fjárlaga árið 2026, mál nr. 1/157.

Reykjavíkurborg vill koma á framfæri eftirfarandi atriðum sem öll hafa mikilvæg áhrif á þjónustu, rekstur og afkomu sveitarfélaga:

- mikilvægt er að styrkja efnahagslegt umhverfi sveitarfélaga
- sveitarfélög fái hlutdeild í fjármagnstekjuskatti
- gistináttaskattur renni til sveitarfélaga
- fjármagnstekjuskattur á lánsviðskipti A- og B- hluta sveitarfélaga verði afnumin
- tryggð verði full fjármögnun á lögbundinni þjónustu við fatlað fólk
- tryggð verði fjármögnun á þjónustu við flóttafólk og nauðsynlegan stuðning í skólakerfinu við börn á flótta

Í hjálagðri umsögn er ítarlegri umfjöllun um þessi atriði.

1. Staðan í efnahagslegu umhverfi sveitarfélaga

Sveitarfélögin á Íslandi gegna lykilhlutverki í veitingu þjónustu við íbúa landsins. Rekstur A-hluta þeirra nemur um 30% af útgjöldum hins opinbera, sem undirstrikar mikilvægi þeirra í framkvæmd opinberrar stefnu. Sveitarfélögin bera ábyrgð á nærþjónustu við börn og ungmenni, rekstri leik- og grunnskóla, félagslegri þjónustu, stuðningi við fatlað fólk og eldra fólk og öðrum lögbundnum verkefnum. Einnig sinna sveitarfélög menningar- og lýðheilsuálum og halda úti fjölbreyttu frístundastarfi fyrir fólk á öllum aldri.

Mikilvægt er að huga að því að útgjöld sveitarfélaga eru mjög næm fyrir launahækkunum og verðbólgu þar sem þau samanstanda nær alfarið af launum og hreinum kaupum á vöru og þjónustu. Vaxtagjöld eru jafnframt þungur útgjaldaliður sem afar næmur er fyrir efnahagsástandi á hverjum tíma. Núverandi efnahagsástand, þar sem verðbólga er umfram markmið og raunvextir háir, gerir rekstrarumhverfi sveitarfélaga því einstaklega krefjandi.

Á undanförunum árum hefur þjónusta sveitarfélaga aukist með áherslu á einstaklingsmiðaða og staðbundna nálgun. Til að sveitarfélög geti staðið undir auknu hlutverki samkvæmt lögum þarf að tryggja þeim stöðuga tekjustofna sem standast hagsveiflur. Í því samhengi hefur verið bent á að breikka þurfi tekjustofna sveitarfélaga m.a. með gistináttaskatti og hlutdeild í fjármagnstekjuskatti. Hlutdeild í



fjármagnstekjuskatti myndi þannig tryggja að sveitarfélög njóti eðlilegra skatttekna af íbúum sem kjósa að starfa undir merkjum einkahlutafélags.

Þá er fjárfesting í innviðum sveitarfélaga afar mikilvæg til bæði skamms og langs tíma fyrir lífsgæði íbúa og samkeppnishæfni Íslands. Þannig geta langtímaáhrif af arðbærri fjárfestingu í innviðum lagt grunn að auknum hagvexti og því um sameiginlegt markmið hins opinbera að ræða. Ríkissjóður innheimtir hins vegar virðisaukaskatt af fjárfestingu sveitarfélaga sem dregur úr fjárfestingargetu þeirra til muna. Hið opinbera í heild þ.e. sveitarfélög og ríki hafa sömu hagsmuni af því að mikilvægir innviðir byggist upp og því mikilvægt að farið verði í vinnu við að skilgreina hvaða innviðir ættu að vera undanþegnir virðisaukaskatti. Reykjavíkurborg er tilbúin til að taka þátt í því.

Þá gerir skattheimta ríkissjóðs á lánsviðskipti innan samstæðu sveitarfélaga það að verkum að sveitarfélög eru ekki jafnsett ríkissjóði hvað það varðar. Samsvarandi endurlánsviðskipti milli fjármálaráðuneytis og ríkisfyrirtækja í stað beinnar lántöku þeirra með ríkisábyrgð eru ekki skattlögð með sama hætti. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að Alþingi endurskoði lög um tekjuskatt með það fyrir augum að fella niður fjármagnstekjuskatt af þessum lánsviðskiptum innan samstæðu borgarinnar. Eðlilegt væri að gera sveitarfélög jafnsett ríkissjóði og fyrirtækjum ríkisins að þessu leyti.

2. Þjónusta við fatlað fólk

Útgjaldaþróun málaflokks fatlaðs fólks hefur verið í ítarlegri rýni frá því á árinu 2021 og þrívægis frá þeim tíma hefur verið samið um viðbótarfjármagn til málaflokksins með flutningi á fjármagni frá ríki til sveitarfélaga. Þrátt fyrir samanlagða hækkun fjármagns til málaflokksins um sem nemur 0,45% af útsvarsstofni (0,22% árið 2023 og 0,23% árið 2024) og samkomulags vegna barna með fjölþættan vanda þá vantar enn upp á fulla fjármögnun málaflokksins til þess að sveitarfélög geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 38/2018. Það er mat sveitarfélaganna að til framtíðar þurfi að hækka útsvarið enn frekar til að ná til fulls utanum skyldur skv. lögum. Þannig nam halli Reykjavíkurborgar af málaflokknum 4,2 ma.kr. fyrstu sex mánuði ársins 2025.

Það liggur fyrir að sveitarfélögin bera ennþá kostnað af þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins og íþyngja rekstri án viðunandi fjármögnunar. Má þar nefna að í mörgum tilvikum er ekki einvörðungu um fötlun að ræða heldur heilsufarstengdar þarfir, s.s. vegna sjúkdóma, sem valda því að fólk er metið í þörf fyrir sértækt húsnæðisúrræði eða þjónustu hjá sveitarfélagi á grundvelli laga nr. 38/2018 um langvarandi stuðningsþarfir við fatlað fólk. Það er sjálfsögð krafa sveitarfélaganna að ríkið fjármagni þann hluta þjónustunnar sem lýtur að hjúkrunarþjónustu. Þá má í þessu sambandi jafnframt minna á að enn hefur ekki verið samið við sveitarfélögin vegna yngri hjúkrunarsjúklinga eða um þjónustu við einstaklinga sem undir málaflokkinn heyra og þurfa öryggisvistun.

Eins og ítrekað hefur komið fram í úttektum síðustu ára standa sveitarfélögin frammi fyrir miklum áskorunum er varðar áframhaldandi uppbyggingu og rekstur á sértæku húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk en biðlistar eru langir og langt í að unnt verði að bjóða þeim sem rétt hafa úrræði við hæfi. Ríki og sveitarfélög þurfa að gera sameiginlega langtímaáætlun til 7 til 10 ára um hvernig tekist verði á við fjármögnun uppbyggingar og rekstrar til framtíðar.



Reykjavík



Það er skýr krafa Reykjavíkurborgar að tryggt verði að markaðir tekjustofnar fjármagni þjónustu við fatlað fólk að fullu og tekjustofnar þróist í takt við breytingar sem sveitarfélögunum ber að takast á við til að lög nr. 38/2018 um fólk með langvarandi stuðningsþarfir nái fram að ganga.

3. Þjónusta við börn með fjölþættan vanda

Mikilvægt samkomulag sveitarfélaga og ríkis var undirritað þann 19. mars sl. sem gekk út á að ríkið taki að sér framkvæmd og beri fulla ábyrgð á fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem búsett eru utan heimilis, og hafa verið metin í þörf fyrir þjónustu á þriðja stigi. Það er mikilvægt að frá og með 1. janúar 2026 fái börn með fjölþættan vanda heildstæða og fullnægjandi þjónustu af hálfu ríkisins. Reykjavíkurborg hefur undanfarinn áratug borið gífurlegan kostnað vegna þessarar þjónustu og var kostnaður borgarinnar á árinu 2024 um 1,9 ma.kr. En þá eru meðtalin heimili fyrir fötluð börn og vistun barna utan heimilis á grundvelli barnaverndarlaga.

Frá og með 1. júní 2025 á að setja 1,7 ma.kr. aukalega við þær 500 m.kr. sem áður voru til ráðstöfunar til vistunar barna utan heimilis. Reykjavíkurborg mun gera kröfu um að kostnaður vegna þeirrar þjónustu sem nú þegar er veitt verði greidd að fullu á árinu 2025 og að ríkið taki alfarið yfir umrædda þjónustu frá 1. janúar 2026. Fjárlög 2026 gera ráð fyrir 3 ma.kr. til þjónustu við umræddan hóp á landsvísu.

4. Þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd

Þjónustusamningi milli Vinnumálastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd var sagt upp á árinu og voru lok samningstímans 31. júlí 2025. Í júní sl. kynnti félags- og húsnæðismálaráðuneytið áform um breytt fyrirkomulag varðandi móttöku einstaklinga sem fengið hafa vernd hér á landi. Meðal annars var rætt um að endurnýja ekki þjónustusamninginn milli ríkisins og sveitarfélaga sem er að renna út um næstu áramót. Ljóst er að sú ákvörðun getur haft miklar afleiðingar á fjárhag Reykjavíkurborgar þar sem enn er margt óljóst varðandi veitingu þjónustu til þessa hóps. Með bréfi dagsettu 5. sept. sl. frá ráðuneytinu er upplýst að fallið hefur verið frá því að leggja fram frumvarp þessa efnis á haustþingi til þess að hlutaðeigandi hafi meiri tíma til að kynna sér þær breytingar sem fyrirhugað er að gera á fyrirkomulagi í tengslum við móttöku einstaklinga sem hafa fengið vernd.

Reykjavíkurborg telur ljóst að tilvitnuð áform um frumvarp til laga um málefni innflytjenda muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög en samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er ráðherra skylt að hlutast til um að fjárhagslegt mat á áhrifum áformanna á sveitarfélög fari fram. Leiði slíkt mat í ljós kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin þarf að tryggja sveitarfélögunum aukna tekjustofna til þess að standa undir honum. Þá verður skýrlega ráðið af lögskýringargögnum laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga að íslenska ríkinu og sveitarfélögunum var ætlað að semja um hugsanlega niðurfellingu endurgreiðslna ríkissjóðs vegna erlendra ríkisborgara sem átt hefðu lögheimili hér á landi skemur en tvö ár. Samkvæmt bestu vitund Reykjavíkurborgar þá hefur slíkur samningur ekki verið gerður og því rétt að íslenska ríkið og sveitarfélögin semji um fyrirhugaða breytingu áður en hún er færð í lög. Þá er ljóst að um verulegar breytingar er að ræða frá gildandi lögum. Huga þarf því að ýmsum þáttum við lagasetningu, svo sem samræmi



við ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, og annarra laga, sér í lagi lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5. Stytting atvinnuleysisbótaréttar

Samkvæmt áformum um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar er fyrirhugað að stytta atvinnuleysisbótarétt úr 30 mánuðum í 18 mánuði eða stytting um 12 mánuði. Þá verði lagt til að lágmarksskilyrði fyrir ávinnslu atvinnuleysistrygginga verði að viðkomandi atvinnuleitandi hafi starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 12 mánuði á ávinnslutímabili, en samkvæmt gildandi lögum kann atvinnuleitandi að hafa áunnið sér hlutfallslegan rétt eftir að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í 3 mánuði.

Reykjavíkurborg telur ljóst að tilvitnuð áform muni fyrirsjáanlega hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög og því sé ráðherra skylt samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að hlutast til um að fjárhagslegt mat á áformunum fari fram. Leiði slíkt mat í ljós kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin þurfi að tryggja sveitarfélögunum aukna tekjustofna til þess að standa undir honum.

Stytting bótatímabils úr 30 í 18 mánuði og forsendur þess að 10–25% þeirra sem ljúka bótarétti uppfylli skilyrði fjárhagsaðstoðar, gæti falið í sér aukningu á árlegum kostnaði Reykjavíkurborgar um 76–190 m.kr. ári. Fari hlutfallið upp í 60% gæti kostnaður Reykjavíkurborgar aukist um 450 m.kr. Ætla má að kostnaðurinn gæti orðið meiri komi til þess að hærra hlutfall þeirra sem ekki eiga rétt til atvinnuleysistryggingar í nýju kerfi þurfi á fjárhagsaðstoð að halda.

Breyting lágmarksskilyrðis atvinnuleitanda um að hafa starfað í að lágmarki 12 mánuði í stað hlutfallslegrar tryggingar frá 3 mánuðum til 12 mánaða í samræmi við lengd starfstíma mun koma til með að hafa mikil áhrif á þjónustu sveitarfélaga. Reykjavíkurborg greiðir fjárhagsaðstoð til þeirra sem fá hlutfallslega greiðslu vegna atvinnuleysisbóta sem er lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar á hverjum tíma svo heildargreiðsla í hverjum mánuði nemi þeirri grunnfjárhæð sem viðkomandi á rétt á samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð. Hlutfallslegar greiðslur til þeirra sem eiga rétt á fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg gæti falið í sér stóru aukinn kostnað sem gæti numið 1 milljarði króna árlega.

Mikil óvissa ríkir um þann fjölda sem með breyttu fyrirkomulagi atvinnuleysistryggingakerfis mun þurfa á fjárhagsaðstoð að halda frá Reykjavíkurborg.

6. Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir

Reykjavíkurborg er með margvíslega þjónustu við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir m.a. neyðarskýli, tímabundið neyðarhúsnæði, sértæk húsnæðisúrræði og vettvangs- og ráðgjafarteymi. Um er að ræða þjónustu og verkefni sem sveitarfélögum eru falin með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1990 með síðari breytingum.

Mikil uppbygging hefur orðið í málaflokknum á síðustu árum og ljóst að meginþungi útgjalda lendir á Reykjavíkurborg sem höfuðborg. Ríkið hefur ekki enn lagt fram stefnu í málaflokknum. Eins ber að geta að mikill skortur er á heilbrigðisþjónustu fyrir þennan



hóp. Við fjármögnun þjónustuúrræða fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir er jafnframt mikilvægt að huga að heilbrigðisþjónustu fyrir eldri einstaklinga í hópnum sem eru í mikilli þörf fyrir hjúkrunarrými eða aðra heilbrigðisþjónustu.

Alþingi þarf að tryggja framlag til að fjármagna heimili, hjúkrunarheimili og dagþjónustu fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir.

7. Öryggisvistun

Í samráðsgátt stjórnvalda liggur nú fyrir til umsagnar frumvarp til laga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn. Reykjavíkurborg hefur ítrekað á undanförunum árum lagt áherslu á það við dómsmálaráðuneyti og félags- og vinnumarkaðsráðuneyti (nú félags- og húsnæðismálaráðuneyti) að lagasetning um öryggisráðstafanir sé nauðsynleg. Í framkvæmd hafa dómur og úrskurðir dómstóla í auknum mæli kveðið á um að einstaklingar séu dæmdir eða úrskurðaðir til búsetu innan sveitarfélags á grundvelli 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á ábyrgð og undir eftirliti yfirlæknis réttargeðdeildar Landspítala og það jafnvel án þess að umræddir einstaklingar hafi átt rétt á slíkri þjónustu á grundvelli annarra laga. Þessi þróun er og hefur verið verulega íþyngjandi fyrir Reykjavíkurborg og er til þess fallin að setja búsetuþjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í uppnám auk þess sem kostnaður er gríðarlegur. Skortur á uppbyggingu og framboði úrræða á vegum ríkisins hefur leitt til þess að umtalsverður kostnaður hefur lent á herðum sveitarfélaga.

Mikilvægt er að framangreint frumvarp til laga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn, verði kostnaðarmetið með tilliti til áhrifa þess á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Fyrir liggur að samhæfing og samstarf milli ríkis og sveitarfélaga verði lykilatriði í þessu sambandi. Ljóst er að raunkostnaður Reykjavíkurborgar vegna mála á grundvelli 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hefur á síðastliðnum árum verið verulegur þrátt fyrir að engin lagaskylda hafi hvílt á Reykjavíkurborg varðandi málaflokkinn. Verði með frumvarpi til laga um öryggisráðstafanir samkvæmt dómsúrlausn gerð krafa um aðkomu sveitarfélaga verður ríkið að bæta þeim þann kostnað sem af því hlýst enda liggi þá fyrir lögbundið kostnaðarmat.

8. Þjónusta við mikið fatlaða nemendur

Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á að tryggja faglega og aðgengilega þjónustu fyrir börn og ungmenni með miklar stuðningsþarfir. Þjónusta við mikið fatlaða nemendur er eitt þeirra mála þar sem hlutfallsleg ábyrgð borgarinnar er orðin verulega meiri en nemur íbúahlutfalli. Þannig eru reykvísk börn um 30% af heildarfjölda barna á grunnskólaaldri á landinu, en um 60% nemenda Klettaskóla, sérskóla fyrir mikið fatlaða nemendur, eru með lögheimili í Reykjavík. Þetta bendir til þess að foreldrar barna með miklar stuðningsþarfir sæki í þjónustu í Reykjavík og flytji lögheimili þangað í kjölfarið. Afleiðingin er sú að Reykjavíkurborg stendur ein með aukinn fjárhagslegan þunga án þess að fá réttmæt viðbótarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til samanburðar við önnur sveitarfélög.



Samningur Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og innviðaráðuneytisins um rekstur sérskóla og sérdeilda í Reykjavík var síðast endurskoðaður árið 2012 og hefur fjölgun nemenda og þjónustuþyngd vaxið talsvert umfram greiðslur Jöfnunarsjóðs með hliðsjón af honum frá þeim tíma.

Mikil ásókn hefur verið í Klettaskóla og hefur verið þrýstingur á Reykjavíkurborg um byggingu nýs sérskóla eða úrræðis til að takast á við fjölgun nemenda með miklar þjónustuþarfir. Brýnt er að tekin sé sameiginleg umræða ríkis og sveitarfélaga um byggingu nýs sérskóla, enda á slíkt ekki að vera alfarið á ábyrgð Reykjavíkurborgar. Hér er um að ræða sértæka og dýra þjónustu sem þjónar börnum á öllu höfuðborgarsvæðinu og nærsveitum þess. Ljóst er að borgin hefur hvorki svigrúm né sanngjarna skyldu til að axla slíka fjárfestingu ein og sér. Því þarf að skýra með afgerandi hætti ábyrgð ríkis, nágrannasveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs í þessu mikilvæga verkefni.

9. Stafrænar kennslulausnir í grunnskólum

Ekki er að sjá í fjárlögum að Miðstöð Menntunar og skólaþjónustu (MMS) fái fjármagn til að sinna nauðsynlegum stuðningi við innleiðingu á stafrænum kennslulausnum. Í dag ber hverju og einu sveitarfélagi að velja og samþykkja stafrænar kennslulausnir, gera áhættugreiningu, mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) ef þarf og gefa út leiðbeiningar um notkun með tilheyrandi kostnaði. Þetta veldur hægari innleiðingu og misræmi í aðgengi nemenda að öruggum og vönduðum kennslulausnum. Miðlæg framkvæmd verkefnisins hjá MMS væri eðlilegri og hagkvæmari farvegur fyrir mat á gæðum og öryggi stafrænna kennslulausna.

Eftirfarandi dæmi sýna umfang og kostnað við mat á kennslulausnum:

- **A-lausn** (stórar og flóknar lausnir). Dæmigerð úttekt krefst um 400–500 klst. vinnuframlagi (lögfræði, upplýsingaöryggi, áhættumat, kennsluráðgjöf), sem jafngildir um 10,0–12,5 m.kr. á eitt sveitarfélag. Ef öll sveitarfélög landsins framkvæmdu slíka úttekt hvert í sínu lagi væri heildarkostnaður um 640–800 m.kr. fyrir eina A-lausn.

Samsvarandi dæmi fyrir B, C og D-lausnir (minni lausnir) fælu í sér kostnað á bilinu 32 – 414 m.kr. á landsvísu. Miðlæg úttekt á vegum MMS myndi spara verulega fjármuni á landsvísu, hraða innleiðingu vandaðra og öruggra kennslulausna, styrkja lagalegan grundvöll og tryggja samræmi í persónuvernd, ásamt því að tryggja jafnræði nemenda óháð búsetu og styðja við stefnu stjórnvalda um stafræna hæfni og gervigreind í námi.

10. Börn með stöðu flóttafólks

Börnum með flóttabakgrunn hefur fjölgað mikið í leik- og grunnskólum síðastliðin ár og ljóst er að þeim mun halda áfram að fjölga á næstu árum. Á hvert flytja á bilinu 150 til 170 börn til landsins á grunnskólaaldri og hefja skólagöngu í Reykjavík. Til samanburðar var árið 2015 um 11% allra nemenda við grunnskóla Reykjavíkur skilgreindir með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn en á bak við hópinn eru rúmlega 70 tungumál. Sá hópur er um 25% í dag árið 2025. Á síðastliðnum tveimur árum hefur fjölgun í hópi flóttamanna bæst við þann hóp og sé lítið til nemendaþróunar á árunum 2020 til 2024 má greina mikla aukningu fjölgðra barna í leik- og grunnskólum. Um 3000 börn voru með stöðu flóttafólks í grunnskólum Reykjavíkur á árunum 2020 til 2024, og í þeim hópi voru um 92 börn með rofna skólagöngu sem varði í að minnsta kosti tvö



ár eða lengur, og um 23 börn á mið- og unglingastigi höfðu aldrei verið í skóla. Hlutfall þeirra nemenda fer hækkandi ár frá ári. Stór hluti þeirra barna sem koma hingað á flótta glíma við mikil áföll og jafnvel áfallastreitu. Skólinn er griðastaður barna og líta foreldrar á skólann sem hornstein, öruggt rými til að byggja upp stöðugleika og framtíð fyrir börnin sín.

Bæði rannsóknir og fengin reynsla sýna að flest börn með flóttabakgrunn eru með brotna skólagöngu og glíma við ýmsa erfiðleika sem tengjast aðstæðum sem þau koma úr. Taka verður tillit til tilfinningalegra, félagslegra og námslegra þátta við aðlögun, inngildingu og skiplag náms og annars stuðnings til lengri tíma. Mörg þeirra þurfa aðgengi að sálfræðipjónustu vegna áfallastreituröskunar. Áfallamiðuð nálgun er mikilvæg í skólastarfi og foreldrasamstarfi og byggja þarf upp þekkingu starfsfólks með ráðgjöf, fræðslu og handleiðslu. Með fjölgun barna með flóttabakgrunn í leik- og grunnskólum hafa orðið til nýjar áskoranir fyrir þessar menntastofnanir sem mikilvægt er að þær fái tækifæri og bjargir til að vinna með. Þar sem staða barna með rofna skólagöngu og óstöðugleika í lífi sínu er flókin þurfa þau mikinn stuðning til að geta tekið þátt í almennu skólakerfi eftir að þau hafa fengið stöðu flóttafólks.

Reykjavíkurborg hefur bent mennta- og barnamálaráðuneytinu á þessa breyttu stöðu í rekstri leik- og grunnskóla í nokkur á og hefur sent fulltrúum ráðuneytisins útreikninga á þeim kostnaði sem fellur til við þjónustu við þennan hóp. Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur tvisvar sinnum veitt eingreiðslu að fjárhæð 200.000 kr. með hverju barni með stöðu flóttafólks. Mikilvægt er að tryggja fjárveitingu í fjárlögum til að stuðla að raunverulegri inngildingu og gera mun betur til að mæta þessum hópi barna.

Að öðru leyti er vísað til umsagnar Reykjavíkurborgar um fjármálaáætlun 2026-2030. Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar. Jafnframt óskar Reykjavíkurborg eftir því að fulltrúar borgarinnar fái tækifæri til að koma fyrir fjárlaganefnd til að gera betur grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögn þessari.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Heiða Björg Hilmisdóttir,
borgarstjóri

Halldóra Káradóttir,

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík

